

FUNDARGERÐ

56. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn, 8. janúar 2008, kl. 15:30, í húsnæði K.H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.

Fundinn sátu: Amalía Björnsdóttir, formaður, Eyrún Rúnarsdóttir, Meyvant Þórólfsson, Sigurjón Mýrdal, Sigurlína Davíðsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin samþykkt.
2. Orðasafn á sviði menntunarfræða – staða mála. Formaður greindi frá fundi sínum með rektor Kennaraháskóla Íslands um hugmynd að áframhaldandi iðorðavinnu á sviði menntunarfræða. Hún lagði fram drög að bréfi til rektors sem Gerður hafði tekið saman. Samþykkt að senda rektor bréfið, en þar er farið fram á stuðning skólans við slíka vinnu.
3. Fréttir af tímari FUM. Formaður bar þær fréttir frá ritstjóra að ritið væri í prentun og útgáfa væntanleg á næstu vikum.
4. Skipun nýrrar ritnefndar. Stjórnarmenn tóku að sér að leita til nokkurra aðila um setu í ritnefndinni.
5. Umsögn um lagafrumvörp. Formaður lagði fram afrit af bréfi frá menntamálanefnd Alþingis þar sem félaginu eru send til umsagnar fjögur frumvörp, þ.e. um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjóra við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Óskað er eftir að umsagnir berist fyrir 22. janúar n.k. Stjórnarmenn skiptu með sér að halda utan um hópa sem fjalla munu um hvert þessara frumvarpa fyrir hönd félagsins og leggja síðan umsagnir sínar fyrir stjórnina. Formaður mun senda félögum í FUM tölvupóst þar sem óskað er eftir athugasemdum við frumvörpin.
6. Ráðstefna FUM (haldin laugardaginn, 23. febrúar, í Hamri, Kennaraháskóla Íslands). Formaður greindi frá því að tillögur að nokkrum fyrirlestrum hefðu borist. Samþykkt að lengja frest til að skila inn tillögum að fyrirlestrum til föstudagsins 17. janúar, 2008.
7. Næsti fundur stjórnar ákveðinn þriðjudaginn 29. janúar, kl. 15:00, í Bolholti 6.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.30.
G.G.Ó.